

Mel Gibson og Goldie Hawn eru hér á flótta í gamalli rellu sem endar sitt skeið í skóglendi.

Laugarásbíó – Á bláþræði: ★★

Stórstjörnur í vandræðum

Á bláþræði (Bird on a Wire) hefur allt sem aðsóknarmynd á bandarískan mælikvarða þarf að hafa, stórstjörnurnar Mel Gibson og Goldie Hawn, söguþráð þar sem spennu, húmor og rómantík er blandað saman og hvorki meira né minna en fimm eltingaleiki.

Hvers vegna skyldi myndin þá ekki vera nema rétt í meðallagi? Það eru sjálfsagt margar skýringar en fyrst og fremst hlýtur það að vera sú hættulega stefna sem þróast eingöngu í Hollywood, þar sem allir ætla sér að gera metaðsóknarmynd samkvæmt einhverri formúlu.

Þegar hugsað er á þennan hátt og farið eftir forskrift sem á að duga, þá er spurningin hvort leikstjórinn hafi metnað til að gera góða kvikmynd eða verksmiðjuframleiðslu. Leikstjóri Á bláþræði er John Badham. Hann

Kvikmyndir

Hilmar Karlsson

hefur áður sýnt að hann getur gert ágætar hasarmyndir og er honum sérlega tamt að leikstýra þyrlum, eins og þeir sem séð hafa Blue Thunder minnast. Þá tókst honum ágætlega upp í Stakeout þar sem húmorinn var í fyrirrúmi. Í Á bláþræði er þessu blandað saman en allt kemur fyrir ekki, meðalmennskan er allsráðandi.

Nú er það svo að Á bláþræði byrjar nokkuð þokkalega af gamanmynd að vera. Goldie Hawn leikur lögfræðing nokkurn sem sér gamlan elskhuga, Mel Gibson, sem löngu á að vera dauður. Hann er við afgreiðslu á bensínstöð. Það kemur í ljós að gamli kærastinn hafði vitnað gegn glæpamönnum sem nú eru lausir úr fangelsi og hafa fullan hug á hefndum.

Eftir að myndin nær þessu stigi hverfur húmorinn smátt og smátt og myndin snýst upp í eltingaleiki. Endar myndin í dýragarði einum þar sem Gibson átti að hafa unnið í. Þar fer söguþráðurinn svo kirfilega yfir strikið í vitleysunni að maður er þeirri stundu fegnastur þegar myndinni lýkur.

Það er lítið hægt að segja um stjörnurnar tvær, Mel Gibson og Goldie Hawn. Bird on a Wire er engin skrautfjöður í hatt þeirra. Virðast sjálf vera hálfrugluð á öllum hamaganginum og vita varla í hvorn fótinn á að stíga. Þeim verður samt ekki kennt um útkomuna. Það er frekar að jafnfær leikstjóri og John Badham ætti að skammast sín því stærsti gallinn er hversu yfirhlaðin myndin er.

Á BLÁÞRÆÐI (BIRD ON A WIRE)
Leikstjóri: John Badham.
Handrit: David Seltzer, Louis Venosta og Eic Lerner.
Aðalhlutverk: Mel Gibson, Goldie Hawn, David Carradine og Joan Severance.

Nauðungaruppboð

Annað og síðara á eftirtöldum fasteignum fer fram í dómsal embættisins, Miðbraut 11, Búðardal, á neðangreindum tíma. Búðarbraut 3, Búðardal, þingl. eigandi Kristjana Guðmundsdóttir. Uppboðsbeiðandi er Sparisjóður Hafnarfjarðar, fimmtud. 20. sept. kl. 11.00.

Sýslumaður Dalasýslu.

Nauðungaruppboð

Annað og síðara á eftirtöldum fer fram í dómsal embættisins, Miðbraut 11, Búðardal, á neðangreindum tíma, Hóll, Hvammshreppi, Dalasýslu, þingl. eigandi Júlíus Baldursson og fl. Uppboðsbeiðandi Landsbanki Íslands, veðdeild, Tryggvi Bjarnason hdl., fimmtud. 20. sept. kl. 13.30.

Sýslumaður Dalasýslu.

Nauðungaruppboð

Annað og síðara á eftirtöldum fer fram í dómsal embættisins, Miðbraut 11, Búðardal, á neðangreindum tíma. Sunnubraut 11, Búðardal, þingl. eigandi Svavar Garðarsson. Uppboðsbeiðandi er Gísli Kjartansson hdl., fimmtud. 20. sept. kl. 10.30.

Sýslumaður Dalasýslu.

Nauðungaruppboð

Annað og síðara á eftirtöldum fer fram í dómsal embættisins, Miðbraut 11, Búðardal, á neðangreindum tíma. Skarðsá, Skarðshreppi, þingl. eigandi Unnsteinn B. Eggertsson. Uppboðsbeiðandi er Samvinnubanki Íslands og innheimta ríkissjóðs í Dalasýslu, fimmtud. 20. sept. kl. 10.30.

Sýslumaður Dalasýslu.

Frjósemi fjörunnar

Sæmundur Valdimarsson sýnir á Kjarvalsstöðum

Myndlist

Ólafur Engilbertsson


Sæmundur Valdimarsson hefur á liðnum árum verið iðinn við að nýta þau kynstur af reka sem berst hér á fjörur. Rekaviðinn sækir Sæmundur að mestu á Strandir, enda Vestfirðingur að uppruna. Eins og þeir vita, sem séð hafa til Sæmundar, er hann laginn við að laða fram persónuleika í sjórekið og ormstungið hráviðið og ber auk þess gæfu til að fá núttúruna þar sér til fulltingis. Það má ef til vill segja að list Sæmundar sé eins raunsæ og frekast er hægt að hugsa sér frá landfræðilegu sjónarmiði; það virðist liggja beint við að ævintýragjarn eyjarskeggi sjái helst sköpunarþörf sinni fullnægt í rannsókn á því sem rekur á fjörur hans og er ef til vill komið frá annarri álfu þar sem vel er hægt að ímynda sér að ævintýr gerist ... Fjaran hefur jafnan verið okkur Frónbúum uppspretta ímyndunaraflinu, enda hún í sífelldu þrátafli við óútreiknanleg máttarvöld hafsins. Fjaran hefur í aldanna rás gegnt hlutverki fréttastofu, myndlistarsalar, kjörbúðar og kirkju – allt í senn. Frá örófi hefur hún verið bæði tengiliður okar við umheiminn og björg í harðindum.

Alþjóðlegir minnisvarðar

Styttur Sæmundar Valdimarssonar geta skoðast sem minnisvarðar um fjöruna, nægtabrunn eyþjóðar við norðurheimsskautsbaug. Samkvæmt framansögðu ætti hér að vera um að ræða svo þjólegan listamann sem frekast mætti hugsa sé. En Sæmundur velur sér ekki svo auðvelda undankomuleið. Hér er ekki um að ræða tilvísanir í útskurðarhefð okkar eða fornar súlur sem flutu á land. „Fólkið“ hans Sæmundar á nefnilega enga sína líka og það meira að segja virðist vita fullvel af því. Jafnvel sjálf „Mona Lísa“ kímir hér á áður óþekktan máta. Reyndar virðist svo sem Sæmundur sé sífellt að auka á heimsborgaralegt yfirbragð þessa fjörumannkyns. Á sýningu hans á Kjarvalsstöðum fyrir tveimur og hálfu ári mátti sjá nokkur heiti úr ásatrúnni á styttum. Nú fyrirfinnst ekkert slíkt, en hins vegar eru þarna þeir kumpánar Abbullah og Mustafa auk sjálfrar drottingarinnar af Saba. Hennar konunglega tign mun reyndar vera fyrrum bryggjustólpi hjá Áburðarverksmiðjunni. Þarna lætur Sæmundur dökka tjörusoðninguna gefa tóninn og útkoman er austrænn þokki.

Frjósemistákn á nærklæðum

Annað nýnæmi hjá Sæmundi er að hann virðist nú óhræddari en áður við að mála á viðinn. Málningin gegnir þó sem fyrr einungis samskonar hlutverki og annar aukabúnaður, s.s. ýsuorðs- eða þangnærklæðnaður. Það sem einna síst gengur upp hjá Sæmundi er þegar aukahlutirnir verða of veigamiklir, en það gerist örsjaldan. Að venju vandar Sæmundur hvað mest til höfuðbúnaðar. Hvað hann varðar er skemmtilegur „Geimfari“ á sýningunni, sem og „Þrjár systur“. Síðarnefnda verkið er að mínu viti eins konar hátindur þessarar sýningar, ekki hvað síst vegna verðlaunapallsuppstillingarinnar. Kyntöfrar styttunnar „Fyrsta ballið“ fara heldur ekkert á milli mála fyrir milligöngu spegils sem leynist að óvörum undir pilsum þessarar þrýstnu heimasætu. Frjósemin er sem rauður þráður í list Sæmundar Valdimarssonar og hvet ég alla sem sjóvettlingi valda að líta inn á Kjarvalsstöðum fyrir mánaðamót og fá sér snúning.



Sæmundur Valdimarsson við eitt verka sinna.

Fréttir

Pósthús á Austurlandi:


Greiðari aðgangur fatlaðra

Sigrún Björgvinsdóttir, DV, Egilsstöðum:

Hjá Pósti og síma á Austurlandi eru nú hafnar framkvæmdir til að auðvelda fólki í hjólastólum aðgang að húsum fyrirtækisins. Þór Reynisson, stöðvarstjóri á Egilsstöðum, sagði að þetta væri gert til samræmis við lög og reglugerðir. Steyptar verða hallabrautir með snjóbræðslukerfi við fjögur hús og vonir standa til að hægt verði að ljúka framkvæmdum að ári.

Á Egilsstöðum standa hús Pósts og síma og Búnaðarbankans hlið við hlið. Samkomulag hefur tekist á milli þessara stofnana um að leggja hitalögn í gangstéttina milli húsanna. Verður það til mikilla bóta fyrir alla þá er þar eiga leið um og hafa undanfarna vetur þurft að kafa snjó og tipla á klakabunkum mánuð eftir mánuð.

Þess má geta að í fyrra fékk Póstur og sími á Egilsstöðum viðurkenningu fyrir snyrtilega lóð.



Allir þeir sem fara um í hjólastól eiga með góðu móti að komast í pósthúsið á Egilsstöðum eftir að framkvæmdum lýkur.

DV-mynd Sigrún Björgvinsd.